

**Nd. 69. Frumvarp til laga [67. mál]**

um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

Flm.: Jónas Pétursson.

**1. gr.**

Ríkissjóður gefur út, til sölu innanlands, happdrættisskuldabréf í 5 flokkum, hvern að fjárhæð 40 milljónir króna á ári í 5 ár, samtals 200 millj. króna.

**2. gr.**

Happdrættisskuldabréfin, sem eru á handhafa og hvert að fjárhæð 1000 krónur, falla í gjalddaga að 10 árum liðnum frá útgáfudegi þeirra.

**3. gr.**

Af skuldabréfunum eru ekki greiddir vextir, en vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera, sbr. 5. gr.

**4. gr.**

Skuldabréfin eru undanþegin framtalsskyldu, og vinningar eru skattfrjálsir.

**5. gr.**

Dregið skal um vinninga og þeim úthlutað 1. desember og 1. júní ár hvert samkvæmt eftirgreindri skrá, er gildir fyrir 5 flokka, samtals 20 útdrættir fyrir hvern flokk eða 100 útdrættir fyrir alla flokkana á 10 árum.

1 vinningur	500 þús. kr.,	samtals	500 þús. kr.
1	—	100	— — — 100 — —
6 vinningar	25	— — —	150 — —
15	—	10	— — — 150 — —
100	—	5	— — — 500 — —
<hr/>		<hr/>	
123 vinningar		Samtals	1 400 þús. kr.

Þannig verða á ári 1230 vinningar í öllum flokkunum, að fjárhæð samtals 14 millj. kr.

**6. gr.**

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936, um mál til ógildingar skjala o. fl., gilda ekki um skuldabréf samkvæmt lögum þessum.

#### 7. gr.

Fjármunir þeir, er inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til Vegasjóðs, og skal þeim varið til að greiða kostnað af vega- og brúagerð á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið. Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.

#### 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Um 30 km kafli á Skeiðarársandi hindrar hringkeyrslu bifreiða um landið. Fá ár eru frá því bílfært varð í Öræfin að austan, þannig að nú fyrst er viðgangsefnið, að opna hringveginn, í fangi okkar. Og nú er að takast á við það og sigra.

Þessu máli hefur oft verið hreyft á Alþingi. Ég hef áður komið fram með þá tillögu, þó ekki á Alþingi, að afla fjár til þessa verkefnis með happdrætti. Við nánari athugun var staðnæmzt við þá leið, sem í frv. þessu er mörkuð. Ríkið gefi út happdrættisskuldabréf, 5 flokka á 5 árum, 40 milljónir árlega, í 1000 kr. bréfum, þ. e. samtals 200 milljónir til 10 ára. Vextir eru greiddir í happdrættisvinningum, en stofnverð bréfanna verður endurgreitt eftir 10 ár. Fyrirmyndin er frá happdrættislánum ríkissjóðs, sem voru í gangi fyrir nokkrum árum.

Lagt er til, að farið sé út á þessa braut vegna vissunnar um það, að fjöldi Íslendinga skilur mikilvægi þessa máls og vill styðja það eftir mætti. Þarfirnar á fjármagni í samgöngukerfið — vegakerfið yfirleitt — eru svo miklar, að ég tel sjálfsagt að reyna hér afbrigðilega leið, þar sem leitast er við að njóta áhuga fólks og ná þannig fjármunum til glæsilegs og nauðsynlegs átaks, fjármunum, sem ella kynnu að renna til miður nauðsynlegra hluta, að einhverju leyti a. m. k.

Þeirri mótbáru verður vafalaust hreyft, að nú standi yfir rannsókn á Skeiðarársandi, garðar hafi verið byggðir og beðið sé hlaups í Skeiðará.

Verkið verður ekki unnið á einu ári og ekki tveimur. En ég held, að flestum sé að verða ljóst, að það kemur vegur og koma brýr þessa leið. Rannsóknir á Skeiðará halda áfram, meðan unnið er vestan til á sandinum að því að brúa Núpsvötn, Súlu og Sandgígjukvísl og byggja veginn í áttina að Skeiðará. Og þegar staðnæmzt verður á hökkum Skeiðará, beggja vegna, þá verður það torleiði sigrað. Vesturvötnin eru ekki öllu erfiðari viðfangs en önnur jökulfljót, sem þegar hafa verið brúuð í Austur-Skaftafellssýslu. Skeiðará er mesta viðfangsefnið. Það leysa verkfræðingar okkar og hafa til þess einlægan stuðning svo til allra landsmanna. Fjármagnsleið happdrættislánsins er sett fram í trú á skilning og áhuga fólksins almennt á þessu stórfellda hagsmuna- og framfaramáli allra Íslendinga.

Áætlunartölur eru enn ekki til um kostnað þessara framkvæmda, en e. t. v. ágizkunartölur. En vist er, að happdrættislán þetta mundi draga langt, að hringvegurinn opnaðist.

Það yrði einhver stærsta sigurstund.